



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. nóvember 2014

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn, unglunga og fjölskyldur þeirra, 144. löggjafarþing 2014 -2015. Þingskjal nr. 52 – 52. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar. Markmið tillögunnar er að vinna að bættu geðheilbrigði barna og unglunga og þar með að bættu geðheilbrigði landsmanna til framtíðar.

MRSÍ fagnar tillögunni og telur ætíð af hinu góða að ríkið setji sér stefnur í því markmiði að vinna betur að tilteknum málaflokkum. MRSÍ veit til þess að mikil vinna stendur nú yfir á vegum velferðarráðuneytisins við gerð geðheilbrigðisáætlunar og ætla má að málefni og barna og unglunga verði þar rædd og mörkuð stefna. Mætti ítreka þær ábendingar sem er að finna í ofangreindri þingsályktunartillögu við vinnuhóp þann sem hefur umsjón með þeirri vinnu og hvetja til þess að skoðað verði hvort að ástæða sé til að gera sérstaka stefnu og aðgerðaáætlun um geðheilbrigði barna og unglunga eða hvort nægjanlegt sé að fjalla um þessi mál í einni heildstæðri stefnu og aðgerðaáætlun.

Samkvæmt 24. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins ber aðildarríkjum að tryggja að barn njóti besta heilsufars og aðstöðu til lækni meðferðar og endurhæfingar.

Að öðrum kosti vísar MRSÍ til athugasemda sinna við 89. mál á síðasta þingi.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur